

Sorpurðun Vesturlands hf.

Ársreikningur 2015



# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda og kjörins skoðunarmanns .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8

---

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdarstjóra

Félagið var stofnað í júní 1998 og er tilgangur þess að taka á móti, flokka og farga sorpi.

Starfsleyfi til 14 ára var gefið út af Umhverfisstofnun þann 5. febrúar 2014. Starfsleyfið veitir heimild til móttöku og urðunar á allt að 15 þúsund tonnum á ári og til tilrauna með endurnýtingu flokkaðs úrgangs.

Nýja starfsleyfið felur í sér talsvert auknar skyldur frá fyrra starfsleyfi, en það þarf að taka fleiri sýni og senda til greiningar, auk þess sem sýnutökustöðum fjölga. Á árinu var settur upp búnaður vegna hauggasmælinga. Unnið verður að rannsóknnum er varða oxun metans í yfirborðslagi urðunaraðreina á árinu 2016 og einnig verður lagt mat á búnað fyrir gassöfnun og hönnun gassöfnunarkerfis, sem áætlað er að taka í notun í lok árs 2017.

Tveir starfsmenn störfuðu hjá félaginu á árinu og greiddi félagið 10,7 millj. kr. í laun, 0,7 millj. kr. í stjórnarlaun, 3,7 millj. kr. í ökutækjastyrk og dagpeninga og 2,6 millj. kr. í launatengd gjöld.

Sorpmagn til urðunar nam um 11.225 tonn á árinu 2015, sem er minnkun um 237 tonn frá árinu 2014.

Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu 2015 að fjárhæð 27,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 133,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Hlutfé félagsins í árslok 2015 nam 22,2 millj. kr. og breytist ekki á árinu. Hlutfé félagsins skiptist á 10 sveitarfélög á Vesturlandi og greinist það þannig:


Akraneskaupstaður .....	36,0%
Borgarbyggð.....	23,5%
Snæfellsbær.....	12,9%
Stykkishólmshreppur.....	9,1%
Grundarfjarðarbær.....	6,7%
Dalabyggð.....	6,0%
Hvalfjarðarsveit.....	3,9%
Eyja- og Miklaholtshreppur.....	1,0%
Skorradalshreppur.....	0,4%
Helgafellssveit.....	0,5%

Stjórn félagsins gerir tillögu um að greiða 20% arð til hluthafa á árinu 2016.

Stjórn Sorpurðunar Vesturlands hf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.


Borgarnesi, 8. 3. 2016.

Í stjórn félagsins:

  
Karitas Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri:

  
Arifma B. Jónsdóttir

  
Auheigur Hjörleifsson

# Áritun óháðs endurskoðanda og kjörins skoðunarmanns

Til stjórnar og hluthafa í Sorpurðun Vesturlands hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sorpurðunar Vesturlands hf. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslægt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningur Sorpurðunar Vesturlands hf. gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, 8./3. 2016

KPMG ehf.



Ég undirritaður kjörinn skoðunarmaður Sorpurðunar Vesturlands hf. hef yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2015 og legg til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Borgarnesi, 8/3 2016



# Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Seld þjónusta .....	2	82.925.337	82.843.959
Aðrar tekjur .....		33.360	24.960
		<u>82.958.697</u>	<u>82.868.919</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	7	17.985.916	16.481.143
Aðkeypt þjónusta og efni vegna móttöku og urðunar .....		11.682.028	5.096.508
Annar rekstrarkostnaður .....	8	18.862.032	18.519.392
Afskriftir .....	3,10	3.858.677	3.547.407
		<u>52.388.653</u>	<u>43.644.450</u>
<b>Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði</b> .....		30.570.044	39.224.469
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		3.586.690	2.303.675
Vaxtagjöld, verðbætur og bankakostnaður .....		( 17.522)	( 79.438)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals</b> .....		<u>3.569.168</u>	<u>2.224.237</u>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		34.139.212	41.448.706
Tekjuskattur .....	9	( 6.831.402)	( 8.293.621)
<b>Hagnaður ársins</b> .....	16	<u>27.307.810</u>	<u>33.155.085</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Fastafjármunir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Jörðin Fíflholt .....		5.185.746	5.761.940
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir.....		26.683.783	25.509.783
	3,10	<u>31.869.529</u>	<u>31.271.723</u>
Langtímakröfur og bundin innlán:			
Langtímakrafa.....	11	5.864.800	6.965.200
Bundnir innlánsreikningar.....	5, 12	26.239.650	18.760.500
		<u>32.104.450</u>	<u>25.725.700</u>
Fastafjármunir samtals		<u>63.973.979</u>	<u>56.997.423</u>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Viðskiptakröfur .....	4,14	7.841.188	7.895.282
Aðrar skammtímakröfur .....		683.700	428.958
Næsta árs afborgun langtímakrafna.....	11	1.100.400	1.100.400
Handbært fé .....	5,13	70.054.607	55.509.639
Veltufjármunir samtals		<u>79.679.895</u>	<u>64.934.279</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>143.653.874</u>	<u>121.931.702</u>
<b>Eigið fé:</b>			
Hlutfé .....	15	22.224.000	22.224.000
Lögbundinn varasjóður .....		5.556.000	5.556.000
Óráðstafað eigið fé .....		105.446.227	82.583.215
Eigið fé samtals	16	<u>133.226.227</u>	<u>110.363.215</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....	17	<u>279.446</u>	<u>172.990</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Ógreiddur kostnaður og ýmsar skammtímaskuldir .....		3.423.254	3.251.845
Ógreiddir skattar ársins .....		6.724.947	8.143.652
		<u>10.148.201</u>	<u>11.395.497</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>10.427.647</u>	<u>11.568.487</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>143.653.874</u>	<u>121.931.702</u>

# Sjóðstreymisýfirlit árið 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....	16	27.307.810	33.155.085
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	10	3.858.677	3.547.407
Breyting tekjuskattsskuldbindingar .....		106.456	149.969
Veltufé frá rekstri		<u>31.272.943</u>	<u>36.852.461</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímafröfur, hækkun .....		( 200.648)	( 945.934)
Skammtímaskuldir, lækkun .....		( 1.247.296)	( 4.306.864)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>( 1.447.944)</u>	<u>( 5.252.798)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>29.824.999</u>	<u>31.599.663</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Breyting bundinna innlánsreikninga .....		( 7.479.150)	( 4.297.426)
Framkvæmdir og tækjakaup á árinu .....		( 4.456.483)	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>( 11.935.633)</u>	<u>( 4.297.426)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Greiddur arður til hluthafa .....	16	( 4.444.798)	( 4.444.800)
Afborganir langtímafröfu .....		1.100.400	1.100.400
Fjármögnunarhreyfingar		<u>( 3.344.398)</u>	<u>( 3.344.400)</u>
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>		14.544.968	23.957.837
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<u>55.509.639</u>	<u>31.551.802</u>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u><u>70.054.607</u></u>	<u><u>55.509.639</u></u>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Sorpurðunar Vesturlands hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### Innlausn tekna

2. Tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi og kröfuréttur myndast.

### Fastafjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

### Skammtímakröfur

4. Skammtímakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum og ábyrgðum er kunna að falla á félagið. Niðurfærslureikningurinn er dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

### Handbært fé

5. Bankainnistæður teljast til handbærs fjár auk þess hluta bundinna innistæðna sem laus er til útborgunar á næstu tólf mánuðum eftir reikningsskiladag.

### Tekjuskattsskuldbinding

6. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar einkum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

## Starfsmannakostnaður:

7. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2015	2014
Laun starfsmanna .....	10.507.508	9.276.815
Laun stjórnar .....	700.371	756.040
Áfallið orlof .....	35.494	38.479
Dagpeningar .....	1.514.250	1.706.640
Ökutækjastyrkur .....	2.225.924	2.123.148
Framlag launagreiðanda í líffeyrissjóð .....	1.258.658	1.132.956
Önnur sjóðagjöld .....	206.537	180.831
Tryggingagjald .....	1.100.467	1.008.632
Annar starfsmannakostnaður .....	436.707	257.602
	<u>17.985.916</u>	<u>16.481.143</u>



## Skýringar, frh.:

### Sundurliðanir

8. Annar rekstrarkostnaður:	2015	2014
Rekstur véla og tækja .....	5.407.921	3.833.249
Fasteignagjöld .....	71.440	59.634
Tryggingar .....	178.097	175.751
Annar húsnæðiskostnaður .....	303.917	540.432
Auglýsingar og styrkir .....	30.240	1.326.294
Pappír, prentun, ritföng, símakostnaður .....	233.255	341.142
Gjaldfærð áhöld .....	74.632	0
Ýmis aðkeypt þjónusta .....	1.421.340	1.202.014
Bókhald, reikningskil og endurskoðun .....	959.525	984.212
Aðkeypt þjónusta SSV - umsjón .....	9.600.000	9.600.000
Fundakostnaður og félagsgjöld .....	457.192	443.363
Ferðakostnaður .....	34.252	11.270
Niðurfærsla viðskiptakrafna og tapaðar kröfur, breyting .....	( 2.847)	( 89.884)
Útvarpsgjald .....	17.800	19.400
Annar kostnaður .....	75.268	72.515
	<u>18.862.032</u>	<u>18.519.392</u>

### Tekjuskattur

9. Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2015	2014
<b>Tekjuskattur til greiðslu:</b>		
Vegna ársins .....	<u>6.724.947</u>	<u>8.143.652</u>
<b>Frestaður tekjuskattur:</b>		
Breyting á tímabundnum mismun .....	<u>106.455</u>	<u>149.970</u>
Tekjuskattur samtals .....	<u>6.831.402</u>	<u>8.293.622</u>
Virkt skatthlutfall:		<b>2015</b>
Hagnaður fyrir skatta .....		34.139.212
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall .....	20%	6.827.842
Ófrádráttarbær kostnaður .....	0%	3.560
Virkur tekjuskattur .....	20%	<u>6.831.402</u>

## Skýringar, frh.:

### Varanlegir rekstrarfjármunir

10. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Jörðin Fíflholt	Aðrir varanl. rekstrarfjárm.	Samtals
Heildarverð 1.1. 2015.....	14.404.851	80.792.637	95.197.488
Afskrifað áður .....	( 8.642.911)	( 55.282.854)	( 63.925.765)
Bókfært verð 1.1.2015.....	5.761.940	25.509.783	31.271.723
Viðbót á árinu.....	0	4.456.483	4.456.483
Afskrifað á árinu .....	( 576.194)	( 3.282.483)	( 3.858.677)
Bókfært verð 31.12.2015.....	5.185.746	26.683.783	31.869.529
Heildarverð 31.12.2015.....	14.404.851	85.249.120	99.653.971
Afskrifað samtals 31.12.2015.....	( 9.219.105)	( 58.565.337)	( 67.784.442)
Bókfært verð 31.12.2015.....	5.185.746	26.683.783	31.869.529
Afskriftahlutföll.....	4%	10-20%	

Fasteignamat jarðarinnar í árslok nam 0,9 millj. kr. og fasteignamat mannvirkja á jörðinni nam 6,1 millj. kr. Brunabótamat fasteigna nam 18,4 millj. kr.

### Verðbréfaeign

11. Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:

Langtímakrafa 1.1 .....	8.065.600
Afborgun langtímakröfu á árinu .....	( 1.100.400)
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	6.965.200
Næsta árs afborganir .....	( 1.100.400)
	5.864.800

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

Árið 2016.....	1.100.400
Árið 2017.....	1.100.400
Árið 2018.....	1.100.400
Árið 2019.....	1.100.400
Síðar .....	2.563.600
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	6.965.200

Á árinu 2012 var Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi veitt jafngreiðslulán að fjárhæð 11 millj. kr. til 10 ára með 5% óverðtryggðum vöxtum. Er lánið tryggt með veði í eign samtakanna að Bjarnarbraut 8.

### Bundnir innlánsreikningar

12. Bundnir innlánsreikningar félagsins eru á eftirfarandi reikningum:

Arion banki hf. verðtryggðir bundnir innlánsreikningar, sbr. skýringu 19 .....	26.409.927
Þar af laust til útborgunar á næstu tólf mánuðum .....	( 170.277)
	26.239.650

## Skýringar, frh.:

### Handbært fé

13. Bankainistæður félagsins eru á eftirfarandi reikningum:

Arion banki hf. bakhjarl .....	23.308.805
Arion banki hf. MX12 .....	44.305.722
Arion banki hf. tékkareikningur .....	2.269.803
Laust til útborgunar af bundnum innlánsreikningi .....	170.277
	<u>70.054.607</u>

### Skammtímakröfur

14. Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	415.541
Breyting niðurfærslu á árinu .....	( 2.847)
Niðurfærsla í árslok .....	<u>412.694</u>

### Eigið fé

15. Hlutfé félagsins nam í árslok 22,2 millj. kr. samkvæmt samþykktum félagsins. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

16. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2015 .....	22.224.000	5.556.000	82.583.215	110.363.215
Arður til hluthafa .....			( 4.444.798)	( 4.444.798)
Hagnaður ársins .....			27.307.810	27.307.810
Eigið fé 31.12.2015 .....	<u>22.224.000</u>	<u>5.556.000</u>	<u>105.446.227</u>	<u>133.226.227</u>

### Tekjuskattsskuldbinding

17. Breyting tekjuskattsskuldbindingar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding 1.1.2015 .....	172.990
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	6.831.402
Tekjuskattur til greiðslu 2015 .....	( 6.724.947)
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.2015 .....	<u>279.446</u>

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á liði efnahagsreiknings:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	279.446
	<u>279.446</u>

## Skýringar, frh.:

---

### Skattamál

18. Opinber gjöld til greiðslu vegna rekstrarársins nema samtals 7,8 millj. kr. og greinast þannig:

Tekjuskattur .....	6.724.947
Tryggingagjald .....	1.100.467
Útvarpsgjald.....	17.800
	<hr/>
	7.843.214

### Tengdir aðilar

19. Aðal- og varamenn í stjórn Sorpurðunar Vesturlands hf. auk æðstu stjórnenda félagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Félagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti félagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila.

### Önnur mál

20. Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, skal Sorpurðun Vesturlands hf. leggja fram fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem fylgja starfsleyfi félagsins, þar á meðal um lokunaraðgerðir og eftirlit í kjölfar lokunar urðunarstaðarins. Tryggingin skal gilda í 30 ár eftir að urðunarstaðnum hefur verið lokað. Vegna þessa hefur félagið lagt árlega inn á bundinn innlánsreikning og nam fjárhæðin 26,4 millj. kr. í árslok 2015.
21. Í samræmi við reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002 færir félagið grænt bókhald og gefur árlega út sérstaka ársskýrslu þar að lútandi, sem staðfest er af stjórn félagsins og endurskoðanda.